

Ed.

372. Frumvarp til laga

[153. mál]

um breyting á lögum nr. 48 1949, um hlutatryggingasjóð bátautvegsins.

Flm.: Vilhjálmur Hjálmarsson.

1. gr.

4. töluliður 4. gr. laganna falli burt.

2. gr.

Á eftir 4. gr. laganna komi ný grein, er verði 5. gr., svo hljóðandi:

Berist sjóðstjórninni umsókn um bætur úr sjóðnum, skal hún þegar rannsaka aflabrögð á viðkomandi veiðisvæði. Leiði sú rannsókn í ljós, að um aflabrest hafi verið að ræða, skal ráðherra samkvæmt tillögum sjóðstjórnarinnar ákveða meðalveiðimagn fyrir svæðið, og skal það gilda sem meðalveiðimagn, er reikna skal út bótagreiðslur úr sjóðnum, þar til sömu aðilar hafa á sama hátt ákveðið annað.

Meðalveiðimagn þetta gildir þó aðeins við útreikning bóta úr sjóðnum fyrir þau skip, sem eigi hafa skemmri úthaldstíma en ákveðinn verður fyrir viðkomandi svæði í reglugerð, en lækkar hlutfallslega, ef úthaldstíminn er styttri.

3. gr.

Aftan við 5. gr. laganna komi ný málsg., svo hljóðandi:

Við lok hvers veiðitímabils skal eigandi eða útgerðarmaður skips senda sjóðstjórninni skýrslu um útgerð skipsins á tímabilinu í því formi, sem sjóðstjórnin ákveður.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Fyrirkomulag það, er nú gildir um ákvörðun meðalveiðimagns fyrir hin ýmsu svæði, hefur reynzt óhæfilega þungt í vöfum.

Það virðist og ástæðulaust með öllu að leita sérstaklega umsagna Alþýðusambands Íslands, Landssambands íslenzkra útvegsmanna og Fiskifélags Íslands um till. sjóðstjórnarinnar um þetta efni, svo sem nú er gert. Tveir stjórnarnefndarmenn af þrem eru skipaðir eftir tilnefningu A. Í. og L. Í. Ú., og sjóðnum er ætlað að starfa í nánnum tengslum við Fiskifélag Íslands. Tvær fyrri gr. frumvarpsins, ef að lögum verða, auðveldla verulega afgreiðslu mála hjá sjóðstjórninni, án þess að skerða nauðsynlegt öryggi í málsmeðferð.

Kvöð sú, er um getur í 3. gr. frumvarpsins, er nauðsynleg vegna framkvæmdar laganna og hefur þegar verið tekin upp í reglugerð. En eðlilegt virðist, að það ákvæði bætist við lagagreinina sjálfa.

Nánari grein verður gerð fyrir frumvarpinu í framsögu.